

Titill	Jöklaferðir
Skammstöfun	FJAL2JÖ05
Námsgrein	Fjallamennska
Viðfangsefni	Vettvangsferðir á jöklum
Þrep	2
Einingafjöldi	5

Lýsing:	<p>Námið er vettvangsnám þar sem farið er í ferðir úti í náttúrunni þar sem tekist er á við raunaðstæður. Áherslan í áfanganum er tvíþætt. Annars vegar er áhersla á nemandann sjálfan, hans þekkingu, leikni og hæfni. Hins vegar er áhersla á leiðsögn þar sem nemandinn þjálfast í að aðstoða við leiðsögn með reyndum leiðsögumönnum.</p> <p>Megináherslan er á ferðalög á jöklum, bæði á jökulhettum og skriðjöklum. Nemandi þjálfast í að undirbúa slíkar ferðir og takast á við krefjandi aðstæður. Hann þjálfast í að velja leiðir til fjalla og á jöklum og hafa yfirsýn og þekkingu á þeim búnaði sem þarf við ísklifur, jöklagöngur, sprungubjörgun og almennar vetrarferðir. Nemandi kynnist því hvað ber að hafa í huga við ótryggar aðstæður í vetrarfæri til fjalla og lesa í veðrabrigði.</p>
----------------	---

Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnþáttum varðandi skipulag jöklaferða • fjölbreyttum möguleikum á að stunda útivist • nauðsynlegum öryggisbúnaði • eigin styrkleikum og takmörkunum • mismunandi aðstæðum • ísklifri, leiðarvali á jökli, áhættumati og stjórnun, ásamt sprungubjörgun • viðeigandi búnaði í ferðum á jökulhettum og skriðjöklum • mikilvægi hópstjórnunar • hagnýtri veðurfræði og náttúrufræði • skipulagi fjallaferða að vetri og þeim útbúnaði sem þarf til þeirra
------------------------	--

Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greina helstu þætti við skipulag og undirbúning ferða • meta eigin styrkleika og takmarkanir • stunda ísklifur af öryggi og að velja ísklifurveggi við hæfi • nota réttan búnað og hirða persónulega um umhverfið á skriðjökli • framkvæma sprungubjörgun • ferðast á jökulhettum og skriðjöklum • finna heppilega samstarfsaðila og tengiliði við skipulag og undirbúning ferða • skipuleggja fjölbreyttar afþeyningarferðir og nota sérhæfðan útivistarbúnað • nýta sér aðstæður í náttúrunni og meta veðurútlit • rata og velja leiðir í fjalllendi, meta áhættu og stýra þeirri hættu • velja milli mismunandi leiða sem henta hverju sinni til útivistar
---------------------	--

Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður • hagnýta sér búnað sem þarf til að ferðast í brattlendi • ferðast örugglega á jökulhettum og skriðjöklum • stunda ísklifur við hæfi og framkvæma sprungubjörgun • taka ákvarðanir í samráði við hóp ferðafélaga • velja heppilega samstarfsaðila eða tengilið í nærumhverfi sínu • geta stundað fjölbreytta útivist á öruggan hátt og skipulagt mismunandi ferðir • hagnýta sér það sem sjá má af veðurútliti • miðla fróðleik um náttúru landsins sem fyrir augu ber á ferðalagi • sýna viðeigandi viðbrögð við snjóflóði • rata og velja öruggustu leiðina í fjallendi • leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum • taka saman í lok ferðar mat á hvernig til tókst og geta dregið lærdóm af því
--------------------	--

Námsmat	Leiðsagnarmat á vettvangi og námsmappa
----------------	--

Leiðbeiningar	<p>Námsmatið er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum á milli nemenda og kennara, bæði í ferðunum sjálfum og fyrir og eftir ferðir.</p> <p>Gert er ráð fyrir fundum um námið í upphafi og lok dags á meðan á ferðum stendur.</p> <p>Nemandi skilar loggbók í lok ferðar og er hún hluti námsmöppu. Hann skráir einnig hæfni sína í Europass.</p>
----------------------	---